

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Mjölnisholt 12-14.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 1. janúar 2014, breytingu á deiliskipulagi Hampiðjureits vegna lóðarinnar nr. 12-14 við Mjölnisholt. Í breytingunni felst m.a. að dregið er úr stöllum hæða ásamt breytingu á skilmálum um bílastæði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Frakkastígur 6a.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 14. mars 2014, breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 6A við Frakkastíg. Breytingin gengur m.a. út á að stækka stigahús sunnan á húsinu og byggja tveggja hæða viðbyggingu í sundinu norðan við gamla húsið.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Tryggvagata 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 20. febrúar 2014, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 13 við Tryggvagötu. Í breytingunni felst m.a. að horfið er frá fyrirhugaðri notkun hússins sem þjónustu-, skrifstofu- og gistihúss í íbúðarhús eða atvinnurekstur þó ekki hótél eða gistihús, með þjónustu á jarðhæð. Stækkun á Borgar-bókasafni Reykjavíkur á suðurhluta lóðarinnar og á öðrum hluta lóðarinnar verði þjónustu- og verslunarhúsnæði á 1. hæð og möguleiki á íbúðum og/eða skrifstofum á 2.-6. hæð.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hólmsheiði, Físfélag Reykjavíkur.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 19. mars 2014, breytingu á deiliskipulagi Hólmsheiðar. Í breytingunni felst að skilgreina tvær lóðir innan svæðis A og falla frá byggingarreit á svæði C, heimild fyrir að reisa hús undir félagsaðstöðu á svæði C færast yfir á svæði A.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 21. mars 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2014